

Jólafundur Beta-, Mý- og Nýdeildar starfsveturinn 2022-2023

Fundur haldinn fimmtudaginn 24. nóvember 2022 kl. 19:00 í Lyst, Lystigarðinum á Akureyri

Dagskrá:

Upphaf fundar

Formenn deilda bjóða félagskonur, allra þriggja deildanna, velkomnar og er Guðbjörgu Einarsdóttur úr Nýdeild boðið að kveikja á kertunum. Formenn fara með inngangsorð, segja frá undirbúningi jólafundar og fara yfir dagskrá kvöldsins sem og það sem er á boðstólum í mat og drykk.

Orð til umhugsunar

Með orð til umhugsunar fer Magnea Kristín Helgadóttir úr Mýdeild.

Veitingar

Dýrindis fiskur er á borð borinn og gengur vertinn, Reynir Grétarsson, á milli borða og segir konum hvaða góðgæti hann er að bera fram.

Gestur/fyriresari og jólalög

Gestur kvöldsins er Kristín Margrét Jóhannsdóttir, lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Kristín bjó lengi í Kanada og stundaði m.a. doktorsnám sitt í málvísindum þar. Hún fer með skemmtilegar jólaminningar frá búsetu sinni í Kanada. Eftir skemmtilega jólahugleiðingu hófu félagskonur upp raust sína og sungu nokkur vel valin jólalög.

Eftirréttur

Desert framreiddur og konur spjölluðu saman.

Fundarlok

Í lok stundarinnar var Guðbjörgu boðið að slökkva á kertunum og formaður Betadeildar slítur fundi.

Fleira ekki gert/SRJ